

Fundur 22.4.2024 Barbara Rush kvikmynaleikkona, dó 31. Mars 97 ára.

Komið þið sælir, þakka ég fyrir að mega tala til ykkar.

*Já góða kvöldið. Velkomin.*

Er mér það mikið undrunarefni að vera hér framkomin og fegurð og kærleikur umvefur, umkringir mig og er mér ekki auðveldara að tala við fólk það á gömlu jörðinni sem heldur að ég sé andi.

Og eru þetta mér stöðug undrunarefni á degi hverjum og taldi ég mig ekki hafa styrk til þess að tala á fundi slíkum, við aðra þá en sem staddir eru á mínum hnetti, en fékk ég hvatningu til þess og fann ég sjálfstraust og var mér sagt að það bæri vott um kærleiks sambandið hnattanna á milli og tengslin á milli lifenda og framliðinna að tala til ykkar.

Og draga niður þann efa sem er ríkjandi meðal ykkar um að samband slíkt sé öllum til góðs og vísindaleg viðleitni að skilja lífið og tilveruna.

Var mér ennfremur sagt að við sem bjuggum í okkar fjölmenna þjóðfélagi og merkilega, bærum meiri ábyrgð en smá þjóðirnar á ástandi því sem ríkir á jörðinni, að það hafi ekki orðið betra, og sérstaklega við sem vorum áberandi í menningu og listum og höfðum áhrif á einstaklinga okkar þjóðar og fjarlæggra þjóða.

Og þótt fyrstu viðbrögð mín hafi verið vantrú, að ég trúði ekki mínum eigin augum yfir því sem fyrir bar og að ég skildi vera í efniskenndum líkama en ekki andlegum, þá tók við fljótlega eftir það, þakklæti og gleði yfir þessum umskiptum og tilfinningin um að það sem maður gæti ekki útskýrt með rökfræðilegum hætti fyrir sjálfum sér, yrði maður að taka trúanlegt eins og barnatrúna forðum tíð.

Og halda áfram þaðan í frá og byggja upp á því og byggja ofan á það sem fyrir er, og láta af gömlum átrúnaði sem ekki reyndist hafa við rök að styðjast, nema í grundvallar atriðum og meðtaka nýja vísu, þegar maður er hingað komin.

Það er erfitt að leggja til hliðar barnatrúna, en lögmál lífsins eru víst óumbreytanleg og stundum vakti það athygli mína, þegar ég heyrði um það í fréttunum að vísindamenn væru að uppgötva nýjar reikistjörnur í fjarska og að vísu tengdi ég það ekki framlíf mitt eða annarra, heldur við gesti utan úr geimnum sem kynnu að vera fjandsamlegir, en gætu verið vinsamlegir.

*Gæti það ekki verið hvort tveggja ?*

Já, hvort tveggja, hef ég fengið ungan líkama á þessum hnetti og ekki get ég skilið hvernig á því standi að manneskjan vakni til lífsins á öðrum hnetti.

Hefði ég gjarnan viljað lesa mér til um þetta, en þær bókmenntir sem um þetta fjölluðu og ég komst í, voru um andleg efni og snertu ekki á þessum veruleika.

Kom mér það mjög á óvart að Íslendingar hefðu uppgötvað þetta og þegar ég var að byrja að sinna lífsstarfi mínu, var þetta söguþráður sem kom nokkrum sinnum við sögu, en aldrei nákæmlega þessi sannleikur.

Hef ég verið á sjúkrahúsi síðan ég kom hingað, en er nú öll að hressast og heyrði ég daginn sem ég kom yfir, úr sambandsstöðinni þann mikilsvirta mann sem þessi fræði uppgötvaði á jörðinni, Íslendinginn sem þið þekkið vel, og vakti það forvitni mína.

Og kom ég fram undir beru lofti og var það mikil upplifun og undrun og væri það merkilegt ef skrifaðar yrðu bækur um þetta á jörðinni, sem myndu lýsa þessu, og hefði þá undrun mín þá verið minni hefði ég lesið það.

Var ég kvikmyndaleikkona í jarðlífinu og gleður það mig mjög að tala til ykkar, hefði ég gjarnan hafa komið til ykkar lands, en var ég orðin öldruð og ekki kom það til tals þá, hefði kannski gerst áður, en það varð ekki.

En ég er ekki, einhver vandkvæði að koma þessu öllu til skila, þakka ég ykkur mjög fyrir, og er allt ánægjulegt hér í framlífi, og vil margt af okkur að segja ef mér tekst að koma síðar.

Nafn mitt er Barbara Rush, kveð ég ykkur að sinni, þakka ég fyrir, verið þið sælir.

*Þakka þér fyrir komuna, vertu sæl.*